Fréttabréf

stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum

1. tbl. 28. árgangur • Mars 2017

Forsíðumynd

Þessi unga stúlka leit við á skrifstofu Stéttarfélaganna á Öskudaginn og söng fyrir starfsmenn.

Framkvæmdir að klárast

Í næstu dögum klárast breytingar á húsnæði stéttarfélaganna að Garðarsbraut 26 á Húsavík. Um er að ræða efri hæðina þar sem verða 8 skrifstofur. Skrifstofurnar munu nýtast í starfi stéttarfélaganna auk þess sem hluti þeirra verður leigður út í sérstöku leigufélagi í eigu stéttarfélagan á næstu dögum.

Iðnaðar- og verkamenn vinna hörðum höndum að því að klára nýju skrifstofu- og fundaraðstöðu stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum.

Sameining ekki til umræðu

Framsýn fór þess á leit við stjórn Stapa að skoðað yrði hvort ekki mæti hagræða í starfsemi sjóðsins með sameiningu við aðra lífeyrissjóði þannig að auka mætti um leið réttindi sjóðfélaga til lífeyris.

Félaginu hefur nú borist svar frá Stapa. Þar kemur fram að sjóðurinn hafi í kjölfar bréfsins frá Framsýn látið kanna rekstrarkostnað sjóðsins í samanburði við rekstrarkostnað annarra lífeyrissjóða.

Samanburðurinn hafi leitt í ljós að rekstrarkostnaður Stapa, sem hlutfall af eignum, væri nokkuð sambærilegur við kostnað hjá mun stærri sjóðum og talsvert lægri en hjá þeim sjóðum sem koma næstir á eftir Stapa í stærð. Að þessu gefnu telur stjórn sjóðsins ekki ástæðu til að hefja viðræður við aðra sjóði um sameiningu við aðra sjóði. Þá sé styrkur fólginn í því að hafa sterkan landsbyggðarsjóð með höfuðstöðvar á landsbyggðinni.

Aðalfundir félaganna

Aðildarfélög Skrifstofu stéttarfélaganna stefna að aðalfundum í næsta mánuði. Þar sem nákvæm tímasetning liggur ekki fyrir eru félagsmenn beðnir um að fylgjast með heimasíðu félaganna sem mun upplýsa um fundartíma og rétt félagsmanna til að koma fram með löglega bornar tillögur á fundunum.

Stafar lýðheilsu Íslendinga hætta af innflutningi á ferskum matvælum?

Framsýn stendur fyrir opnum fundi um innflutning á ferskum matvælum laugardaginn 8. apríl kl. 11:00 á Fosshótel Húsavík. Áætlaður fundartími er um tveir tímar. Boðið verður upp á súpu, brauð og kaffi á fundinum.

Innflutningur á ferskum matvælum hefur farið vaxandi og er sums staðar vilji til að opna allar gáttir fyrir slíkum innflutningi.

Á fundinum flytja erindi sérfræðingar í fremstu röð til þess að gera grein fyrir þeim hættum sem þetta hefði í för með sér.

Karl G. Kristinsson er prófessor og yfirlæknir á sýklafræðideild Landspítalans. Erindi hans nefnist, **"Stafar lýðheilsu Íslendinga hætta af innflutningi á ferskum matvælum?"**

Vilhjálmur Svansson er dýralæknir og veirufræðingur á Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum, Hans erindi nefnist: **"Núverandi sjúkdómastaða er auðlegð sem okkur ber að verja."**

Þetta er umræða sem kemur allri þjóðinni við og skiptir neitendur miklu máli. Fundurinn er öllum opinn og eru allir boðnir velkomnir til hans.

ÚTGEFENDUR: Þingiðn, félag iðnaðarmanna, Starfsmannafélag Húsavíkur, Framsýn- stéttarfélag, Verkalýðsfélag Þórshafnar.
Garðarsbraut 26 • 640 Húsavík • Sími 464 6600 • Fax 464 6601 • e-mail: kuti@framsyn.is • Heimasíða: www.framsyn.is • **ÁBYRGÐARMAÐUR:** Aðalsteinn Á Baldursson
Fréttabréfið er skrifað 25. mars 2017 og gefið út í 2000 eintökum. **HÖNNUN/UMBROT og PRENTUN:** Ásprent, Akureyri.

„Menn verða að þora að þora“

Framkvæmdastjóri Norðursiglingar flutti áhugavert erindi um ferðaþjónustu í Þingeyjarsýslum og uppbygginguna hjá fyrirtækinu sem hefur verið gríðarleg frá stofnun fyrirtækisins.

Framsýn stóð nýverið fyrir áhugaverðum fundi um atvinnumál. Gestur fundarins var Guðbjartur Ellert Jónsson framkvæmdastjóri Norðursiglingar á Húsavík. Guðbjartur fór yfir starfsemi fyrirtækisins sem hefur vaxið hratt á undanförum árum. Guðbjartur spáði því að svo yrði áfram enda almennt mikil vöxtur í ferðaþjónustu á Íslandi. Norðursigling væri þegar með öfluga starfsemi á Húsavík auk þess sem fyrirtækið væri að prófa sig áfram með starfsemi á Grænlandi, Noregi og á Hjalteyri við Eyjafjörð hluta úr ári. Með þessari útrás væri Norðursigling að dreifa áhættunni í rekstrinum. Hann nefndi þó nokkrar ógnanir við hvalaskoðun frá Húsavík s.s. fækkun hvala í flóanum, utanaðkomandi samkeppni, gengisþróun, breytt hegðun ferðamanna, náttúruhamfarir og breytingar á lögum og reglugerðum.

Norðursigling ehf, var stofnuð af tveimur bræðrum, Herði og Árna Sigurbjarnarsonum árið 1995. Frá upphafi hefur fyrirtækið verið byggt upp með sjálfbærni og strandmenningu að leiðarljósi, síðan eru liðin rúmlega 20 ár. Í dag telur skipafloti félagsins 10 skip þar af 4 skútur. Mikil vöxtur hefur orðið til þess að fyrirtækið hefur tekið stakkaskiptum á liðnum árum. Á árinu 2016 var starfsmannafjöldi í heildina með mötuneyti Gamla bauks á Bakka yfir 150 starfsmenn. Þá má geta þess að fyrirtækið breytist úr því að vera stórt fjölskyldufyrirtæki í hlutafélag í lok árs 2015 þegar Eldey ehf. gerðist hluthafi í fyrirtækinu. Fyrirtækið breytist úr því að vera Norðursigling ehf. í Norðursigling hf. Að sjálfsögðu er alltaf ánægjulegt þegar fjárfestar sjá tækifæri í því að fjarfesta í innviðum samfélagsins á Húsavík enda sé markmiðið að efla starfsemina á svæðinu. Eftir framsögu Guðbjarts urðu líflegar umræður um starfsemi Norðursiglingar og almennt uppbyggingu á ferðaþjónustu í Þingeyjarsýslum. Menn voru sammála um eins og einn ágætur fundarmaður orðaði það „við erum með perlufesti af náttúruperlum„ Fundarmenn voru sammála um að Þingeyingar hefðu forskot á flesta aðra landshluta þegar kæmi að áhugaverðum stöðum til að skoða. Í lok fundar þakkaði formaður Framsýnar Guðbjarti fyrir áhugavert erindi og fundarmönnum fyrir komuna og áhugaverðar umræður um atvinnumál. Á fundinum komu fram mikið af athyglisverðum upplýsingum sem hægt er að nálgast inn á heimasíðu stéttarfélaganna.

Fjölgun gesta sem siglir um einn fallegasta flóa í veröldinni til að upplifa dýraríkið og náttúrufegurðina hefur fjölgað verulega frá því að hvalaskoðun hófst frá Húsavík árið 1995 þegar um 1.500 gestir fóru í hvalaskoðun. Á síðasta ári fóru hins vegar um 110.500 gestir í hvalaskoðun, sjá meðfylgjandi súlurit um þróunina.

Afsláttur af tryggingum

Félagsmenn stéttarfélaganna í Þingeyjarsýslum eiga rétt á afslætti hjá VÍS á tryggingum. Hefur þú skoðað það?

Stéttarfélögin

Leikfélag Húsavíkur

EFLING

Menningarlífið blómstrar

-félögin niðurgreiða leikhúsmiða-

Leikfélag Húsavíkur og Leikdeild Eflingar eru um þessar mundir að setja upp vinsæl leikrit. Annars vegar ætlar Leikdeild Eflingar að setja upp barnaleikritið Skilaboðaskjóðuna í Félagsheimilinu Breiðumýri og hins vegar ætlar Leikfélag Húsavíkur að setja upp leikverkið Bót og betrun í Samkomuhúsinu á Húsavík. Stéttarfélögin ætla að styðja við bakið á þessu mikilvæga menningarstarfi með niðurgreiðslum á leikhúsmiðum til félagsmanna stéttarfélaganna. Í því sambandi er afar mikilvægt að leikhúsgestir komi við á Skrifstofu stéttarfélaganna áður en þeir fara í leikhús og nálgist afsláttarmiða. Ekki er hægt að koma eftir á og fá niðurgreiðslu frá félögunum. Niðurgreiðslan nemur kr. 1.000 á félagsmann.

Hvetja ASÍ til dáða

Staða öryrkja og eftirlaunafólks til skammar

Framsýn sendi á dögunum frá sér bréf til Alþýðusambands Íslands þar sem félagið beinir þeim tilmælum til sambandsins að málefni eftirlaunafólks og öryrkja verði tekin upp til umræðu á vegum sambandsins. Málefni þessara hópa hafa verið töluvert í umræðunni undanfarið. Fram hefur komið að þeir telja sig ekki búa við réttlæti og virðingu eins og þeim ber í íslensku þjóðfélagi. Bæði hvað varðar almenna stöðu í þjóðfélaginu og eins gagnvart aðild þeirra að stéttarfélögum eftir starfslok á vinnumarkaði. Fyrir liggur að stór hluti þessa fólks var eða er greiðandi í stéttarfélög innan Alþýðusambands Íslands. Í bréfinu til sambandsins er bent á mikilvægi þess að verkalýðshreyfingin standi vörð um réttindi og réttindabaráttu þessa fjölmenna hóps og berjist fyrir málstað þeirra í samráði við þau. Það segir töluvert um stöðu þessara hópa að fjölmennasti fundur sem Framsýn hefur staðið fyrir á síðustu árum var laugardaginn 4. mars 2017 þegar félagið stóð fyrir baráttufundi um málefni eftirlaunafólks á Fosshótel Húsavík. Jafnframt telur Framsýn mikilvægt að Alþýðusambandið stuðli að því að aðildarfélög sambandsins samræmi reglur varðandi réttindi þessara hópa innan stéttarfélaganna, það er öryrkja og eftirlaunafólks. Í dag er það þannig að réttindin eru mjög mismunandi milli félaganna, Framsýn kallar eftir umræðu um málið.

Framsýn hefur skorað á Alþýðusamband Íslands að taka upp til umræðu málefni eftirlaunafólks og öryrkja.

Attention!

The labour organizations in Þingeyjarsýslur in collaboration with The Icelandic confederation of labour (ASÍ), The confederation of Icelandic employers (SA), The directorate of internal revenue (RSK), the police and other connected parties will practice comprehensive workplace monitoring on their territory in the coming months. We encourage every one who suspects rules and laws are not being followed on a workplace to e-mail framsyn@framsyn.is. Every tip e-mailed will be kept confidential between the labour organizations and the sender.

„Berjumst fyrir virðingu og réttlæti“ sagði Helgi Pétursson fulltrúi Gráa hersins.

Framsýn færði Gráa hernum styrk kr. 100.000 frá félaginu til að fara í mál við ríkið vegna tekjutenginga lífeyris og greiðslna frá ríkinu.

Þau fluttu áhugaverð erindi á opnum fundi Framsýnar um málefni eftirlaunafólks. Helgi Pétursson, María Axfjörð og Anna Sigrún Mikaelsdóttir. Á myndina vantar varaformann Framsýnar, Ósk Helgadóttir sem opnaði fundinn með hnitmiðuðu erindi. Hægt er að fræðast betur um fundinn og erindin inn á heimasíðu stéttarfélaganna.

„Við erum aðeins að biðja um réttlæti, virðingu og sanngirni, sagði Helgi Pétursson, einn forvígismanna Gráa hersins á fjölmennum hádegisfundi Framsýnar á Fosshótel Húsavík. Fundurinn var haldinn laugardaginn 4. mars í hádeginu. Helgi lagði áherslu á það tómlæti sem ríkti í þjóðfélaginu gangvart eldra fólki, sem gjarnan væri allt sett undir sama hatt, – þótt gríðarlegur munur sé á félagslegri stöðu, heilsu og fjárhag fólks í kringum sextugt og þeirra sem komnir væru á miklu efri ár. „Það er okkur öllum til skammar, meðferð okkar á langveiku fullorðnu fólki sem við látum híma á göngum, í geymslum og vera fyrir á hátæknideildum Landspítalans – um eitthundrað manns á hverjum tíma. Það er með ólíkindum að eitthvað reikningsséni geti fundið það út að svo sé hægt að hafa hlutina í stað þess að byggja hjúkrunarheimili. Það vantar 570 hjúkrunarheimilispláss, – það er löngu vitað og það vita allir sem eiga að vita“, sagði Helgi. Það úrlausnarmál sem þjóðfélagið stendur frammi fyrir er að sem betur fer er eldra fólk hraustara og við betri heilsu og lifir miklu lengur en fyrri kynslóðir. En öll kerfin sem eiga að þjóna þessum aldurshópi, virka ekki.

Kerfin virka ekki.

„Heilbrigðiskerfið er skaddað, tryggingakerfið er margstagbætt óskiljanlegt fyrirbæri og húsnæðiskerfið er á engan hátt að svara óskum eldra fólks um litlar íbúðir, ekki frekar en fyrir yngsta aldurshópinn““, sagði Helgi. „Gróðasjónarmið steypuaðalsins og hótelbransans hafa lengi ráðið ferð og fjárvana sveitarfélög spilað með, enda hlunnfarinn af ríkinu eftir bestu getu þar á bæ, t.d. með því að neita sveitarfélögunum um hlutdeild í virðisaukaskatti.“ Megin ágreiningsefni Gráa hersins og hins opinbera segir Helgi hins vegar vera skerðingar á greiðslum frá Tryggingastofnun með hliðsjón af tekjum, t.d. af lífeyristekjum. „Þessar skerðingar eru fyrir löngu komnar út fyrir öll þjófamörk“, sagði Helgi. „Við gerðum samkomulag um greiðslu skatta til Tryggingarstofnunar árið 1946 og stofnuðum síðan til eigin lífeyrissjóða í áföngum frá 1949. Það eru okkar eigin peningar, hluti af launum okkar og hefur ekkert með Ríkið að gera. Það, að Ríkið skuli síðan velta greiðslum yfir á okkar eigin lífeyriskerfi með skerðingum á greiðslum frá Tryggingastofnun, er einfaldlega eignaupptaka – sumir segja þjófnaður. Á þetta verðum við á láta reyna fyrir dómstólum, það er ekki hægt að draga þetta svona árum saman“, sagði Helgi.

Ungir listamenn úr Þingeyjarskóla undir stjórn Guðna Bragasonar vöktu mikla athygli á málþinginu um málefni eftirlaunafólks með flutningi á nokkrum lögum í upphafi þingsins.

Fáránlegt frítekjumark.

Helgi benti einnig að, að verkefnin væru ærin og alltaf að bætast við. Það nýjasta væri lækkun frítekjumarks í nýjum lögum úr kr. 108.000 í kr. 25.000 „allt afgreitt nánast á færibandi með gríðarlegum göllum í gegnum þingið um áramót, enda viðurkenndu stjórnmálakrakkarnir hver á fætur öðrum að hafa ekki lesið málið. Það segir allt um áhuga þeirra á málefnum eldra fólks“ Með því sagði Helgi að hlutur þess sem ynni sér inn kr. 100.000 yrði kr. 30.000 eða 70% skattheimta og skerðingar. Í lok fundarins færði Aðalsteinn Árni Baldursson formaður Framsýnar, Gráa hernum yfirlýsingu stjórnar þess efnis að ef til málaferla kæmi, myndi Framsýn styðja Gráa herinn vegna þeirra um kr. 100.000 sem Helgi sagði að væri upphafið að mjög spennandi tímum í málefnum eldra fólks.

Pálmi Pálmason og Magnea Þórarinsdóttir sátu fundinn ásamt öðrum góðum gestum.

Fjölmenni var á fundi sem Framsýn stóð fyrir á Fosshótel Húsavík um málefni eftirlaunafólks. Um 130 manns tóku þátt í fundinum og komu þeir víða að úr Þingeyjarsýslum.

Staðan á vinnumarkaði til umræðu

Stéttarfélögin stóðu fyrir opnum fundi í samstarfi við Alþýðusamband Íslands um “Réttlátan vinnumarkað - allra hagur” fimmtudaginn 23. mars í fundarsal stéttarfélaganna á Húsavík. Nokkur áhugaverð erindi voru flutt á fundinum. Frummælendur komu úr ýmsum áttum, það er frá sveitarfélögum, stéttarfélögum og úr atvinnulífinu. Hægt er að fræðast betur um fundinn inn á heimasíðu stéttarfélaganna, www.framsyn.is

Láttu vita- berjumst saman gegn undirboðum

Stéttarfélögin í Þingeyjarsýslum í samstarfi við ASÍ, Samtök atvinnulífsins, ríkisskattstjóra, Vinnumálastofnun, lögregluna og fleiri aðila munu standa fyrir öflugu vinnustaðaeftirliti á félagssvæði stéttarfélaganna á næstu mánuðum. Skorað er á þá sem telja sig búa yfir upplýsingum um vinnustaði þar sem ekki er farið eftir gildandi lögum og reglum að senda skilaboð á netfangið framsyn@framsyn.is. Farið verður með allar upplýsingar sem trúnaðarmál gagnvart þeim sem kemur þeim á framfæri.

Togstreita fjármagns og lýðræðis

Framsýn stendur fyrir opnum fundi um togstreitu fjármagns og lýðræðis í fundarsal stéttarfélaganna föstudaginn 7. apríl kl. 17:30. Frummælandi verður Ögmundur Jónason fyrrverandi alþingismaður og formaður BSRB.

Alþjóðlegir viðskiptasamningar snúast um annað og meira en tolla, verslun og viðskipti. Í seinni tíð teygja þeir anga sína inn í samfélögin með kröfu um markaðsvæðingu þeirra. Í skilmálum þeirra alþjóðaviðskiptasamninga sem nú eru á teikniboðinu er að finna margvísleg skilyrði um hvernig samfélagið skuli skipulagt, hvað sé leyfilegt og hvað stríði gegn skilmálum samninganna. Ögmundur hefur tekið beinan þátt í viðræðum og átökum um alþjóðlega viðskiptasamninga á vettvangi verkalýðshreyfingarinnar heima og erlendis og einnig á vettvangi stjórnmálanna og þekkir til þessara mála frá fyrstu hendi.

Framsýn telur að þessi umræða eigi brýnt erindi við verkalýðshreyfinguna og boðar þess vegna til þessa opna upplýsinga- og umræðufundar og býður alla áhugasama velkomna til fundarins. Boðið verður upp á kaffiveitingar á fundinum. Allir velkomnir.

Framsýn, stéttarfélag

Sumarhús, íbúðir, hótel og fleira

-fjölbreyttir orlofskostir fyrir félagsmenn

Stéttarfélögin í Þingeyjarsýslum, Framsýn, Þingiðn, Starfsmannafélag Húsavíkur og Verkalýðsfélag Þórshafnar bjóða félagsmönnum upp á sameiginlega orlofskosti sumar og vetur. Flest orlofshúsin eru þó aðeins í útleigu yfir sumarið. Félagsmönnum stendur auk þess til boða orlofsíbúðir á höfuðborgarsvæðinu. Þá eru í boði tjaldstæðastyrkir og gistiávísanir á hótel og gistiheimili víða um land.

Ekkert punktakerfi er við lýði hjá stéttarfélögunum, þess í stað er leitast við að útvega félagsmönnum orlofshús á hverju ári sem tekur mið af framboðinu sem er á hverjum tíma hjá félögunum.

Umsóknarfrestur er til 24. apríl

Leiguverð sumarið 2017

Líkt og undanfarin ár bjóða félögin upp orlofshús og íbúðir. Ákveðið hefur verið að leigugjald fyrir orlofshús og íbúðir verði kr. 26.000 á viku sumarið 2017, sem er óbreytt verð milli ára. Almennir skiptidagar eru föstudagar. Á umsóknareyðublaði sem fylgir fréttabréfinu kemur fram hvaða vikur orlofshúsin eru í boði. Í sumar standa félagsmönnum til boða eftirtalin orlofshús og íbúðir:

Orlofsíbúð Asparfelli Reykjavík

Í Breiðholtinu er boðið upp á íbúð á 1. hæð í fjölbýlishúsi. Í íbúðinni er 1 svefnherbergi með hjónarúmi, tvíbreiður svefnsófi er í stofu og tvær aukadýnur.
Í Asparfellinu eru stutt í þjónustu, t.d. er fjöldi verslana rétt við íbúðina.

Flókalundur - Barðaströnd

Húsið sem er 42 fm. stendur í Orlofsbyggðinni í Flókalundi sem er rómað svæði fyrir fegurð og stórbrotið landslag enda á Vestfjörðum. Húsið er með 2 svefnherbergjum, stofu og borðstofu með eldhúskrók. Svefnpláss og sængur eru fyrir 6 manns og hægt er að fá lánaða dýnu hjá umsjónarmanni.

Orlofshús á Einarsstöðum

Sumarhúsin að Einarsstöðum eru í um 11 kílómetra fjarlægð frá Egilsstöðum en þar er hægt að sækja alla almenna þjónustu, sundlaug, heita potta, matvöruverslanir, flugsamgöngur, lyfjaverslun o.fl. Heitur pottur er við bústaðinn. Stærð bústaðarins er 45 fm sem skiptast í þrjú svefnherbergi, stofu, eldhús og baðherbergi með sturtu. Svefnaðstaða er fyrir 8 manns. Í tveimur herbergjum eru tvíbreið rúm og koja yfir en í þriðja herberginu eru kojur. Búnaður: Borðbúnaður, pottar, pönnur, sængur og koddar fyrir átta manns fylgja. Lín fylgir ekki en hægt er að fá það leigt fyrir 1200 kr. á rúmið og 400 fyrir baðhandklæði, (sækja og greiða þarf línið hjá umsjónarmanni).

Umsóknarfrestur og úthlutun

Með þessu fréttabréfi fylgir umsóknareyðublað um orlofshúsin og íbúðirnar, sem einnig er hægt að nálgast á heimsíðu félaganna www.framsyn.is. Umsóknum skal skila til Skrifstofu stéttarfélaganna í síðasta lagi 24. apríl nk. Úthlutun fer svo fram næstu daga þar á eftir.

Bjarkarsel - Flúðum

Orlofshúsið er staðsett í Ásabyggð á Flúðum, ca 100 km frá Reykjavík. Húsið sem er 52 fm skiptist í forstofu, 2 svefnherbergi með sængum og koddum og baðherbergi með sturtu. Svefnpláss fyrir fjóra í tveimur tvíbreiðum rúmum. Stofan er með sjónvarpi, dvd og útvarpi og fullbúið eldhús. Stór sólpallur er við húsið og þar er heitur pottur í góðu skjóli með gasgrilli. Mikill trjágróður er umhverfis með útiverusvæði fyrir börnin. Mikið er af merktum gönguleiðum í nágrenningu. Stutt er í hraðbanka, verslun, golfvelli, sundlaug, veitingastaði og fleira. Skammt frá Flúðum er Gullfoss, Geysir, Háifoss, Gjáin og Þjórsárdalur svo eitthvað sé nefnt. Nánari upplýsingar bustadur.is

Orlofshús Kjarnaskógi - Hús nr. 3

Í Kjarnaskógi við Akureyri er boðið upp á vel búið 53 m2 orlofshús. Í húsinu er þrjú svefnherbergi, eitt með hjónarúmi og tveim aukadýnum og hin tvö með koju. Þvottavél er í orlofshúsinu. Við húsið er góð verönd og heitur pottur.

Bláskógar í Svínadal

Í Svínadal inn af Hvalfirði er vaxandi sumarhúsabyggð sem nýtur æ meiri vinsælda. Svæðið er þægilega stutt frá þéttbýlinu en samt út úr skarkalanum. Stutt er í sund að Hlöðum og gestir í húsinu geta veitt í vötnunum þremur í Svínadal án endurgjalds gegn framvísun leigusamnings. Hús félagsins að Bláskógum 12 í Svarfhólsskógi er 44m2 með tveimur svefnherbergjum og svefnlofti. Í öðru svefnherberginu er tvíbreitt rúm og í hinu er þröföld einbreið koja (þrjú rúm) auk barnarúms. Á svefnlofti er nóg af aukadýnum. Sængur og koddar eru fyrir 8 manns. Búnaður er fyrir 8 manns. Húsið er með stórri verönd og heitum potti. Vorið 2008 var endurnýjuð eldhúsinnrétting og gólfefni á neðri hæð.

Orlofshús Öxarfirði

Í Dranghólaskógi við Lund bjóða félögin upp á orlofshús allan ársins hring sem stendur á einstaklega fallegum stað. Húsið er vel búið með þrem svefnherbergjum, einu með hjónarúmi og hinum með kojum. Í húsinu eru tvær aukadýnur. Í ár verður húsið í leiguskiptum frá 31. maí til 30. ágúst en hægt er að fá húsið leigt utan þess tíma.

Orlofshús Eiðum

Í orlofsbyggðinni Eiðum, sem er 14 km norðan við Egilsstaði, er boðið upp á 54 m2 orlofshús. Miklar endurbætur hafa verið unnar á húsinu og í nágrenni þess. Aðgengi að húsinu hefur verið bætt verulega. Húsið stendur við Eiðavatn og fylgir því aðgangur að árabát.

Orlofshúsið Mörk Grímsnesi

Orlofshúsið er um 52 m2 að stærð með þremur svefnherberjum. Í einu þeirra er hjónarúm og efri koja en í hinum eru kojur. Við húsið er góð verönd og heitur pottur. Húsið er vel staðsett um 15 km frá Selfossi, vestarlega í Grímsnesinu við Sogið. Orlofshúsið Mörk stendur í hverfinu Skjólborgum við götuna Fljótsbakka 20.

Orlofshúsið Lyngás 8 Grímsnesi

Í boði er stórt orlofshús, um 100 m2 (svefnloft innifalið). Í húsinu eru tvö svefnherbergi með hjónarúmum og í öðru þeirra er aukarúm. Auk þess er í húsinu 28 m2 svefnloft með tveimur tvíbreiðum rúmum og einu einbreiðu rúmi. Við húsið er góð verönd og heitur pottur. Húsið er vel staðsett um 18 km frá Selfossi, vestarlega í Grímsnesinu skammt frá Sogsvirkjunum. Athugið, myndin er ekki af rétta orlofshúsinu sem stéttarfélögin eru með á leigu en það er mjög svipað húsinu á myndinni.

Orlofshúsið í Svignaskarði - Hús no. 5 (nýr orlofskostur)

Húsið er með þremur svefnherbergjum, stofu, eldhúsi, baðherbergi og geymslu. Svefnpláss er fyrir 6 - 8 manns í rúmum, leirtau og búnaður fyrir a.m.k. 10 manns. Heitur pottur er við húsið og gasgrill fylgir. Gestum er heimilt að koma í húsið frá kl. 16:00 á komudegi og skila þeim hreingerðum fyrir kl. 12:00 á brottfarardegi. Föstudagar eru skiptidagar.

Þorrasalir 1-3 í Kópavogi

Í boði eru fjórar glæsilegar þriggja herbergja íbúðir í Þorrasölum 1 – 3 í Kópavogi. Íbúðirnar eru 80 til 100 fm. Í íbúðunum eru tvo herbergi með svefnstæðum fyrir fjóra. Auka dýnur fylgja einnig íbúðunum. Nokkrar góðar gönguleiðir eru í næsta nágrenni við Þorrasali en fjölbýlishúsið er rétt við útivistarsvæði höfuðborgarbúa.

Sólheimar 23 Reykjavík

Íbúðin í Sólheimum er í eigu Starfsmannafélags Húsavíkur. Íbúðin er þriggja herbergja. Tvö svefnherbergi eru í íbúðinni, annað er hjónaherbergi með hjónarúmi og hitt herbergið er með tveimur kojum með fjórum svefnstæðum. Auk þess er barnarúm til staðar. Þá er tvíbreiður sófi í stofunni.

Reykingar og húsdýr

Reykingar eru bannaðar í sumarhúsum og íbúðum á vegum félaganna. Félagsmenn eru hvattir til að virða þetta bann. Húsdýr eru ekki leyfð í orlofshúsum og íbúðum. Brot á þessum reglum varða tafarlausi brottvikningu úr húsnæðinu og sektum.

Hótelgisting á Fosshótelum

Félagsmönnum stéttarfélaganna býðst gisting á Fosshótelum sem staðsett eru víða um land:

Fosshótel Reykjavík, Höfðatorgi, 105 Reykjavík
Fosshótel Lind, Rauðarárstígur 18, 101 Reykjavík
Fosshótel Baron, Barónstígur 2, 101 Reykjavík
Fosshótel Reykholt, 320 Reykholt
Fosshótel Húsavík, Ketilsbraut 22, 640 Húsavík
Fosshótel Dalvík, Skíðabraut 18, 620 Dalvík
Fosshótel Núpar , Núpar , 880 Kirkjubæjarklaustur
Fosshótel Vatnajökull, Lindarbakka, 781 Hornafjörður
Fosshótel Laugar, 650 Laugar
Fosshótel Vestfirðir , Aðalstræti 100 , 450 Patreksfjörður
Fosshótel Austfirðir , 750 Fáskrúðsfjörður
Fosshótel Hekla, Brjánsstöðum, 801 Selfoss

Í boði eru tveggja manna herbergi með baði og morgunmat. Félagsmenn sjá sjálfir um að bóka gistinguna og kaupa síðan gistiávísun á Skrifstofu stéttarfélaganna.

- Almennt verð fyrir gistinóttina er kr. 10.000 með niðurgreiðslu.
- Frítt er fyrir eitt barn undir 12 ára aldri í herbergi með foreldrum.
- Aukarúm kostar kr. 6.100 með morgunmat.
- Frá 1. júní til 31. ágúst þarf að greiða með 2 gistimiðum fyrir hverja nótt á Fosshótelum sem gerir kr. 20.000.

Ath. 7.000 kr. aukagjald greiðist fyrir gistingu á Fosshótel Reykjavík.

Gistimiðar gilda ekki á Menningarnótt, Fiskideginum mikla á Dalvík og á Mærudögum á Húsavík.

FOSSHOTEL

Hótelgisting á Eddu

Félagsmönnum býðst gisting á 12 Edduhótelum sem staðsett eru um allt land. Hótelin eru: ML Laugarvatni, IKI Laugarvatni, Skógar, Höfn, Neskaupsstaður, Egilsstaðir, Akureyri, Stórutjarnir, Vík, Laugarbakki, Sælingsdalur og Ísafjörður.

Félagsmenn kaupa á Skrifstofu stéttarfélaganna gistiávísun fyrir uppbúið tveggja manna herbergi með handlaug og bóka sér síðan gistingu þar sem þeir kjósa. Heimilt er að hafa með sér börn án sérstaks aukagjalds ef viðkomandi hefur með sér rúmföt fyrir þau. Hótelið leggur til dýnur. Félagsmenn fá góðan afslátt og að auki niðurgreiða stéttarfélögin hverja nótt um kr. 2.500,-. Athugið að morgunverður er ekki innifalinn og misjafnt framboð er hjá einstökum hótelum eftir tímabilum.

Nánari upplýsingar á www.hoteledda.is

Bed - Breakfast Keflavík

Stéttarfélögin hafa samið við Gistihús Keflavík/ Bed-Brekfast um afslátt af gistingu fyrir félagsmenn. Auk þess niðurgreiða félögin hverja gistinótt um kr. 2.000,- fyrir hvern fullgildan félagsmann. Gistihús Keflavíkur er góður valkostur fyrir þá sem eru að ferðast til og frá Íslandi en aðeins 6 mínútna akstur er að Flugstöð Leifs Eiríkssonar. Boðið er upp á morgunverð frá klukkan 04:30 alla daga. Akstur til og frá Keflavíkurflugvelli innifalin í verði. Nánari upplýsingar á www.bbkeflavik.com

Gisting á Akureyri

Stéttarfélögin eru með samning við Hótel KEA, Hótel Norðurland og Icelandair Hotels á Akureyri. Félagsmönnum býðst gisting á góðum afsláttarkjörum. Leitið frekari upplýsinga á Skrifstofu stéttarfélaganna.

Orlofshús á Spáni

Til leigu fyrir félagsmenn

Stéttarfélögin í Þingeyjarsýslum hafa fengið aðgengi fyrir félagsmenn að tveggja herbergja íbúð í Alicante á Spáni. Um er að ræða íbúð á neðri hæð í litlu fjölbýli með nokkuð stóru útisvæði sem tilheyrir þessari íbúð eingöngu. Auk svefnherbergis er baðherbergi, rúmgóð stofa, eldhús og þvottahús með þvottavél. Í heildina eru svefnstæði fyrir fjóra í tvíbreiðu rúmi í herbergi og svefnsófa í stofunni. Í húsinu eru rúmföt og tuskur. Íbúðin er í lokuðum íbúðarkjarna með sér sundlaug og útisvæði. Frá flugvellinum í Alicante er um 40 km að íbúðinni. Auðvelt er að komast að henni frá flugvellinum með rútu, leigubíl eða bílaleigubíl. Margvísleg afþreying er á svæðinu, svo sem bátsferðir, skemmtisiglingar og fleira. Þá er í göngufæri verslunarkjarni þar sem finna má úrval verslana s.s. Primark og H&M. Einnig er stutt í matvöruverslanir s.s. Carrefour. Nokkur flugfélög fljúga til Alicante s.s. er WOW air, Icelandair og Dreamjet.

Verð á íbúð:

Sumartími frá 1. apríl - 30. september, vikuleiga kr. 56.000,- og hver dagur eftir það á kr. 7.000,-.

Vetrartími frá 1. október - 31. mars, vikuleiga kr. 42.000,- og hver dagur eftir það á kr. 5.000,-.

Frá þessu verði dragast til viðbótar sérkjör félagsmanna kr. 1.500 per. dag sem gist er í íbúðinni. Félagsmenn geta fengið íbúðina leigða í allt að 14 daga enda sé hún laus. Ekki er vitlaust að miða tímabil dvalar við hvenær ódýrast er að fljúga til Alicante.

Frekari upplýsingar eru í boði á Skrifstofu stéttarfélaganna og á skrifstofu Verkalýðsfélags Þórshafnar.

Boðið til veislu 1. maí

Að venju bjóða stéttarfélögin til mikillar veislu í íþróttahúsinu á Húsavík 1. maí á alþjóðlegum hátíðisdegi verkafólks. Hátíðin hefst kl. 14:00. Þessa dagana er unnið að því að ganga frá dagskrá hátíðarinnar sem verður auglýst síðar.

Sumarferðin

– fyrstir koma, fyrstir fá –

Sumarferð stéttarfélaganna verður að þessu sinni helgarferð og nú við höldum austur á land, nánar tiltekið á Borgarfjörð eystri. Farið verður frá Húsavík snemma morguns þann 19. ágúst og komið til baka seinnipart sunnudagsins 20. ágúst. Við munum gista í uppbúnum rúmum hóteli og þar er morgunmatur innifalinn. Grillað verður í boði Framsýnar á laugardagskvöldið, en að öðru leiti nestar fólk sig sjálft.

Borgarfjörður eystri er nyrstur hinna eiginlegu Austfjarða. Þangað er tæplega 70 km. akstur frá Egilsstöðum, um Vatnsskarð og Njarðvíkurskriður. Borgarfjörður er rómaður fyrir náttúrufegurð og þá sérstaklega fyrir sérstæðan fjallahring. Sunnan fjarðar er ljóst líparít allsráðandi eins og í Staðarfjalli, en fyrir botni fjarðarins og norðan hans er blágrýti (basalt) mest áberandi og þá einkum í Dyrfjöllum. Inn af firðinum gengur um 10 km langur dalur, vel gróinn og nokkuð breiður. Eftir honum rennur Fjarðará. Þorpið Bakkagerði stendur við fjarðarbotninn.

Það er margt að skoða á þessum fallega stað og við munum njóta leiðsagnar staðkunnugra um svæðið. Fararstjóri verður Ósk Helgadóttir. Ferðakostnaður pr. mann í sumarferðina er aðeins 20.000-. Takmarkaður fjöldi verður í þessa ferð þannig að við biðjum áhugasama að skrá sig sem allra fyrst, eða fyrir 30. apríl. Höfum í huga, fyrstir koma, fyrstir fá.

Sumarferðir stéttarfélaganna hafa í gegnum tíðina verið mjög vinsælar meðal félagsmanna. Í ár verður farið í helgarferð í Borgarfjörð eystri.

Kauphækkanir í vor hjá félagsmönnum

• Rétt er að taka fram að starfsfólk á almenna vinnumarkaðinum hækkar í launum um 4,5% þann 1. maí 2017. Það er almennt verkafólk, starfsfólk í verslunum og á skrifstofum auk iðnaðarmanna.

• Starfsfólk sem starfar eftir kjarasamningum stéttarfélaganna hjá ríkisstofnunum hækkar um 4,5% frá 1. júní 2017.

• Starfsfólk sveitarfélaga hækkar frá sama tíma, það er 1. júní 2017 um 2,5%. Jafnframt kemur til hækkun vegna jöfnunar á bilum milli launaflokka í launatöflu starfsmanna sveitarfélaga um 1,7%.

Þrátt fyrir þessar uppgefnu hækkanir á kauptöxtum geta breytingar á launatöflum starfsmanna tekið meiri hækkunum í einhverjum tilfellum. Hægt er að nálgast nýjar launatöflur inn á heimasíðu stéttarfélaganna www.framsyn.is

STARFSMANNAFÉLAG HÚSAVÍKUR

FRAMSÝN

Lögreglan kölluð til á Húsavík

Ingvar Berg Dagbjartsson varðstjóri og Guðmundur Helgi Bjarnason sáu um talningu atkvæða í atkvæðagreiðslu um kjarasamning Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi og Sjómannasambands Íslands eftir að atkvæðagreiðslu um samninginn lauk. Þar sem ekki tókst að koma kjörgögnunum til Ríkissáttasemjara fyrir kl. 20:00 þann 20. febrúar eins og reglur kváðu um var lögreglan á Húsavík fengin til að telja atkvæðin og koma úrslitunum til Ríkissáttasemjara. Talningin fór vel fram enda í öruggum höndum. Ríkissáttasemjari bar ábyrgð á endanlegri talningu og gaf út um kvöldið að samningarnir hafði verið samþykktir á landsvísu með naumum meirihluta. 52,4% þeirra sem greiddu atkvæði samþykktu samninginn, en 46,9% greiddu atkvæði gegn honum. Á kjörskrá innan aðildarfélaga Sjómannasambandsins voru 2.214 sjómenn. Atkvæði greiddu 1.189 sem féllu þannig að 623 voru fylgjandi samningnum, en 558 voru mótfallnir. Átta kjörseðlar voru auðir og ógildir. Þar sem samningurinn var samþykktur héldu sjómenn til veiða um kvöldið, þar á meðal sjómenn í Sjómannadeild Framsýnar.

Um 68% félagsmanna í Sjómannadeild Framsýnar tóku þátt í atkvæðagreiðslu um kjarasamninginn sem var undirritaður 18. febrúar. Hér má sjá tvo unga menn greiða atkvæði um samninginn.

Flugið er til einkanota

Rétt er að ítreka að stéttarfélagskjörin á flugmiðum milli Húsavíkur og Reykjavíkur með Flugfélaginu Erni eru aðeins fyrir félagsmenn stéttarfélaganna, það er til einkanota, ekki ef þeir eru að ferðast á vegum fyrirtækja.

STARFSMANNAFÉLAG HÚSAVÍKUR

FRAMSÝN

Stéttarfélögin krefjast kjarasamnings við PCC

Framsýn og Þingiðn hafa komið þeim skilaboðum skýrt á framfæri við forsvarsmenn PCC á Bakka að félögin vilji að gerður verði sérstakur kjarasamningur milli aðila um störfin sem verða til þegar verksmiðja fyrirtækisins á Bakka hefur framleiðslu í lok þessa árs. Aðilar hafa þegar fundað um málið. Þegar þetta er skrifað fimmtudaginn 23. mars er beðið svara frá fyrirtækinu hvort það ætli að verða við kröfum stéttarfélaganna eða ekki. Fyrirtækið hafði áður beðið um frest fram í viku 12 til að svara erindinu. Ljóst er að margir fylgjast með framvindu mála. Fulltrúar stéttarfélaganna hafa undirbúið sig vel vegna viðræðnanna og fundað með fulltrúum verkalýðsfélaganna á Akranesi, Keflavík og á Akureyri þar sem starfandi eru sambærilegar verksmiðjur og verður á Bakka við Húsavík.

Fulltrúar frá félögunum fóru suður á dögunum og komu við í Keflavík og í Hvalfirði til að kynna sér starfsemi tveggja verksmiðja sem þar eru og framleiða svipaða vöru og fyrirtæki PCC á Bakka kemur til með að gera. Þetta voru þau Huld Aðalbjarnardóttir og Aðalsteinn Á. Baldursson.

Stéttarfélögin í Þingeyjarsýslum hafa krafist þess að gerður verði kjarasamningur um störf starfsmanna í verksmiðju PCC á Bakka.

Um 13 milljónir greiddar í verkfallsbætur

Eins og kunnugt er fóru undirmenn á fiskiskipum í verkfall um miðjan desember sem stóð yfir til 20. febrúar. Sjómannadeild Framsýnar greiddi sjómönnum verkfallsbætur frá áramótum samtals um 13 milljónir. Til fróðleiks má geta þess að Framsýn greiddi sjómönnum innan félagsins hærri verkfallsbætur en önnur sambærileg stéttarfélög sjómanna gerðu innan Sjómannasambands Íslands sem eru samtök undirmanna á fiskiskipum. Framsýn hefur í gegnum tíðina safnað fjármunum í verkfallssjóð til að geta tekist á við erfiðar vinnudeilur. Sjóðurinn kom að góðum notum í verkfalli sjómanna.

Formaður gestur á fundi Lionsklúbbs Húsavíkur

Lionsklúbbur Húsavíkur bauð formanni Framsýnar, Aðalsteini Árna Baldurssyni, að flytja erindi á reglulegum fundi klúbbsins á dögunum. Aðalsteinn tók fyrir atvinnumál og uppbygginguna er tengist verkefni PCC á Bakka. Þá sagði hann frá væntingum félagsins varðandi kjör starfsmanna í verksmiðjunni sem ætlað er að hefja störf í lok ársins. Formaður fékk margar spurningar frá fundarmönnum sem voru áhugasamir um fundarefnið og þær breytingar sem eru að verða á nær samfélaginu.

Góðar umræður urðu undir erindi formanns Framsýnar á fundi Lionsmanna sem fram fór í febrúar.

Bæklingar á ensku og pólsku

Búið er að prenta bæklinga með gagnlegum upplýsingum fyrir félagsmenn Framsýnar og Þingiðnar á ensku, pólsku og íslensku. Hægt er að nálgast bæklingana á Skrifstofu stéttarfélaganna og á heimasíðu stéttarfélaganna www.framsyn.is.

Booklets in English and Polish

Booklets with useful information for Framsýn and Þingiðn members have been made. They are available in English, Polish and Icelandic. The booklets are available in Framsýn office in Húsavík and online on www.framsyn.is.

Fjör á Öskudaginn

Fjörugir og glaðir krakkar litu við à skrifstofu Verkalýðsfèlags Þórshafnar á Öskudaginn og sungu. Er òhætt að segja að þau hafi verið frábær. Skrifstofa Verkalýðsfélags Þórshafnar er ekki stòr en með gòðum vilja komust allir hòparnir inn og sungu fyrir starfsmann skrifstofunnar af hjartans list. Alltaf gaman að fà gòða gesti.

Óróleiki á Raufarhöfn

Töluverð umræða hefur verið um úthlutun á sértækum byggðakvóta til fiskvinnslufyrirtækja á Raufarhöfn. Hér má sjá starfsmenn Hólmsteins Helgasonar ehf. við störf en þeir telja á sig hallað í úthlutun á kvótanum þar sem fyrirtækinu var hafnað um byggðakvóta. Fulltrúar Framsýnar heimsóttu starfsmenn fyrir helgina og fóru yfir málin með þeim.

Virkt vinnustaðaeftirlit

Vinnustaðaeftirlit hefur haldið áfram með hefðbundnum hætti í vetur. Stærri byggingastaðir hafa verið heimsóttir reglulega og þeir minni margir hverjir sömuleiðis. Eðli málsins samkvæmt hafa heimsóknir til ferðaþjónustuaðila verið færri en voru síðasta sumar. Þess í stað hefur verið lögð áhersla á fyrirbyggjandi aðgerðir gagnvart ferðaþjónustuaðilum og þeir svo heimsóttir þegar starfsemi þeirra er komin í fullan gang í sumar. Í vetur hafa líka verið heimsótt fyrirtæki á svæðinu sem hvorki teljast til byggingar- eða ferðaþjónustugeira. Þetta eru fyrirtæki sem eru ekki með jafn sveiflukennda starfsemi í starfsmannafjölda og því upplagt að líta við hjá þeim yfir vetrartímann. Áframhald verður á vinnustaðaeftirlitinu á næstu mánuðum á vegum stéttarfélaganna í samstarfi við aðrar eftirlitsstofnannir.

Aðalbjörn Jóhannsson, viðtal:

„Það eru gríðarleg tækifæri á Húsavík, ef þú getur nýtt þau“

Aðalbjörn Jóhannsson, situr í stjórn Framsýnar-Ung. Hann ólst upp í Lundi í Öxarfirði en er í dag með lögheimili í Reykjaverfi og þekkir því lífið í dreifbýli beggja vegna Húsavíkur mjög vel. Hann er að ljúka stúdentsprófi frá Fjölbrautarskólanum í Ármúla í vor og stefnir á kennaranám við Háskóla Íslands í haust. Ég hitti Aðalbjörn nýverið og ræddi við hann um samfélagsmál sem eru honum hugleikin og hvernig skapa megi hvata fyrir ungt fólk að setjast að úti á landi og auðvitað margt fleira.

Aðalbjörn Jóhannsson.

Fyrir nokkrum árum fór Aðalbjörn í lýðháskóla í Silkeborg í Danmörku. Sá skóli hélt utan um samvinnuverkefni ýmissa félagasamtaka út um alla Evrópu og þjálfaði nemendur í stjórnun og uppbyggingu ungliðasamtaka. Sú reynsla hefur nýst Aðalbirni mjög vel. Þegar hann kom heim til Íslands varð hann formaður ungliðaráðs UMFÍ og gegnir þeirri stöðu enn í dag. Það hlutverk virðist honum í blóð borið. „Maður fæddist inn í ungmennafélagshreyfinguna – maður er kominn af ungmennafélagsfjölskyldu; ef það er starf sem þarf að vinna þá bara vinnur maður það,“ segir Aðalbjörn. Hann segir hlutverk ungmennaráðsins hafa þróast mikið að undanförnu.

„Ég hélt nýverið utan um fund þar sem mættu yfir 80 ungmenni allstaðar að af landinu. Þá vorum við að fjalla um ungt fólk innan félgsins. Þá kom bersýnilega í ljós að það var lítil tenging á milli ungmenna, þ.e þátttakenda í hreyfingunni og stjórninni. Þetta er er svolítið einkennandi fyrir mörg samtök sem ná yfir ungliða líka. Það vantar þessa tengingu. Eins og einn framkvæmdastjórinn sagði hreinlega: „Sjálfboðastarfið í svona hreyfingu er orðið allt of mikið ömmu og afa starf.“ Við höfum verið að reyna breyta þessu,“ segir Aðalbjörn og bætir við að starfið snúist að verulegu leyti um að skipuleggja fræðsluerindi og standa að sjálfsstyrkingu ungmenna.

„Við viljum ekki vera svokallað yfirvald heldur lítum við á hlutverk okkar sem stuðning við ungmennaráðin út um allt land og við sjáum að þau eru sjálf eru farin mynda samtök og eru orðin miklu sterkari. Við erum rosalega stolt af því,“ segir Aðalbjörn en svo berst talið að Framsýn-Ung.

„Hlutverk okkar er að virkja ungt fólk inn í félagið en ekki síður að virkja félagið til að líta til okkar ungliðanna. Maður finnur að það er metnaður hjá Framsýn enda er staðan sú hjá verkalýðshreyfingunni allri að annaðhvort virkjar hún ungmenni eða deyr. Maður finnur það á metnaðinum hjá félaginu að hann er sterkur og þá vill maður taka þátt,“ segir Aðalbjörn og leggur áherslu á að stuðningurinn sem Framsýn veitir sé þeim mikill hvati til góðra verka. Við höfum talað mikið um þennan stuðning út á við og þá hafa önnur félög og ungliðar annarsstaðar að verið að smitast af okkur. Maður finnur fyrir breytingu á viðhorfum; að það sé allt í einu hægt að fara gera eitthvað og við viljum halda áfram að byggja upp.“

Kosningar of ópersónulegar

Aðalbjörn segir að það skorti ekkert á að ungt fólk hafi áhuga á málefnum sem varða samfélagið og að auðvelt sé að virkja það í umræðum um mikilvæg mál. Þegar hins vegar kemur að því að gera hluti, eins og einfaldlega að mæta á kjörstað og greiða atkvæði í kosningum þá virðist áhuginn fara dvínandi. Aðalbjörn er með athyglisverða kenningu um lélega kosningaþátttöku ungs fólks:

„Kosningar til Alþingis eru t.d. ákaflega ópersónulegar fyrir ungt fólk. Nú er ég 25 ára en samt finns mér ég vera að kjósa kynslóðina sem er á undan mér,“ segir hann og heldur áfram: „Ef einstaklingur í framboði er 43 ára eða eldri, get ég þá treyst því að þrátt fyrir að hann hafi einhvern tíma verið 25 ára að hann skilji þann veruleika sem er að vera 25 ára í dag? Kannski skiptir það ekki öllu máli – kannski er þessi einstaklingur mjög meðvitaður um þennan raunveruleika en það að ég geti ekki treyst á það; veldur því að þetta verður ópersónulegt fyrir hinn unga kjósanda. Á meðan þetta er ekki persónulegt fyrir ungu fólki þá er ólíklegra að við tengjum við það og viljum þaka þátt í því.“

Það fer ekki framhjá mér að Aðalbjörn er afar efnilegur ungur maður sem virðist allir vegir færir. Hann hefur sterkar skoðanir og á auðvelt með að koma þeim í orð. Það liggur beinast við að spyrja hann að því hvort hann stefni á frama í stjórnmálum. Hann brosir við og öll hans líkamstjáning bendir til þess að hann hafi oftsinnis þurft að svara einmitt þessari spurningu.

„Ég hef náttúrlega verið virkur í pólitísku starfi hjá tveimur flokkum. Ég er eins og svo margir Þingeyingar alinn upp inn í Framsókn. Síðan vann félagshyggjan meira á hjá mér og ég fór líka að vinna með öðru fólki. Ég er núna í framkvæmdastjórn ungra Vinstir grænna og líkar það bara ágætlega,“ segir Aðalbjörn og bætir við að það hafi verið gott að kynnast nýju fólki og öðrum sjónarmiðum. Hann segir það þó hafa komið sér á óvart hvað munurinn er oft a tíðum lítill á milli flokkanna. „Maður sér að það er minni munur en maður hélt. Maður er með eyrun báðu megin,“ segir hann og hlær. „Maður heyrir að fólk er oft á tíðum að tala um sömu hlutina - agnúast út í hinn flokkinn fyrir það sama og sá flokkur að er að agnúast út í á móti. Menn eru oft nær en fólk vill átta sig á.“

Hann segir jafnframt að hann hafi séð dekkri hliðina á lífinu í stjórnmálum. Lygar og svik – hvernig fólk stingur hvert annað í bakið og svo framvegis. „Maður verður svolítið þreyttur á því að fylgjast með þessu ef ég á að vera alveg hreinskilinn,“ segir Aðalbjörn. Hann viðurkennir þó að hann eigi líklega aldrei eftir að geta látið pólitíkina alveg í friði. „En málefnin skipta mig meira máli en það hvaðan þau koma og það er ekki alltaf vinsælt á Alþingi eða í sveitarstjórnum,“ segir hann og bætir við eftir stutta umhugsun: „Ég sé alveg fyrir mér að fara í stjórn UMFÍ og berjast fyrir breytingum á þeim vettvangi. T.d. fyrir minni stofnanavæðingu á samfélaginu.“

Heimahagarnir toga

Aðalbjörn segir það enga spurningu í sínum huga að hann vilji koma aftur norður og setjast að á heimaslóðum. Hann hugsar sig reyndar vel um þegar ég spyr hann að því hvort Húsavík bjóði upp á aðstæður sem fær ungt fólk til að vilja setjast þar að. „Það eru klárlega aðstæður hér til að koma inn og gera eitthvað stórt. Ég hef það á tilfinningunni að ég geti komið hingað og blómstrað. Ég fann það sjálfur þegar ég var í skóla á Akureyri í tvö ár og kem svo hingað að ég hef miklu fleiri tækifæri sem einstaklingur hér. Að þróa sjálfan mig. Ef þú værir í miklu stærra samfélagi þá værir þú miklu meira falinn – þú dyttir svo inn í fjöldann,“ segir hann og bætir svo við ákveðinn: „Já, það eru gríðarleg tækifæri á Húsavík, ef þú getur nýtt þau“.

Hann er líka þeirrar skoðunar að það vanti meiri hvata, ef ungt fólk á að íhuga Húsavík sem raunverulegan kost. „Það dettur engum í hug að flytja til Húsavíkur að fyrra bragði nema hafa einhver tengsl við bæinn. Það er enginn í Reykjavík að skoða atvinnuauglýsingar á Húsavík - af því bara. Það vantar klárlega hvata. Eins og til dæmis kísilverið á Bakka sem býður upp á fullt af atvinnutækifærum,“ segir Aðalbjörn og heldur áfram: „Við þurfum að halda mjög vel á spöðunum varðandi það hvernig við ætlum að markaðssetja samfélagið. Atvinnan er eitt - en við viljum fá fólk sem verður hluti af samfélaginu. Þegar við flytjum hingað þá viljum við geta haft fleiri tækifæri en bara atvinnu. Það er hægt að fá atvinnu allstaðar í heiminum. Við erum ekki bara að keppa við Akureyri og Reykjavík. Við erum að keppa við allan heiminn þannig að við þurfum að markaðssetja okkur aðeins betur en við hörfum verið að gera. Húsavík má ekki bara vera fyrir Húsvíkinga heldur alla sem vilja vera Húsvíkingar,“ segir Aðalbjörn Jóhannsson stjórnarmaður í Framsýn - Ung.

-epe

2%

LAUNAHÆKKUN

MEÐ SÉREIGNARSPARNAÐI ÍSLANDSBANKA

vib

Íslandsbanki